

Skólaráðsfundur 3.3.2023 kl. 8:20

Mætt voru: Krístrún Guðjónsdóttir (skólastjóri), Hulda María Magnúsdóttir (deildarstýra), Jón Hákon Halldórsson (fulltrúi kennara), Friðþór Vestmann Ingason (fulltrúi kennara), Sigrún Helga Jónsdóttir (fulltrúi starfsfólks), Elva Hjálmarsdóttir (fulltrúi foreldra), , Amelía Carmen Agnarsdóttir 9. SVJ (fulltrúi nemenda), Þórunn Bríet (forstöðukona félagsmiðstöðvar). Hanna Steinunn Steingrímsdóttir (fulltrúi foreldra) boðaði forföll með fyrirvara

Farið yfir stöðu framkvæmda vegna rakaskemmda í húsinu

Farið yfir skóladagatal næsta árs, var rætt á síðasta fundi og sent á meðlimi skólaráðs. Vangaveltur hvort þemadagar ættu að vera frekar í apríl en mars þar sem páskafrí eru snemma á næsta ári

Krístrún segir að samráðsdagar verði skráðir á dagatalið en umræða tekin með starfsfólki í haust hvort megi útfæra þá á annan hátt en verið hefur, t.d. nemendastýrð eða kynningar

Þessa dagana verið að skoða/fara yfir mönnunarmál fyrir næsta vetur, verið að vinna úr könnun á óskum starfsfólks. Í framhaldinu farið í að skoða hvort þarf að auglýsa í einhverjar stöður

Framundan er að skoða námsval unglinga fyrir næsta vetur, kynningar og móttökufundir fyrir komandi 1. bekk og 8. bekk og í framhaldinu stundatöflugerð

Fjárhagsáætlun skólaársins nokkurn veginn á pari í rekstrarniðurstöðu. Tiltölulega nýtt úthlutunarlíkan í gangi, skólinn fær úthlutað á sama hátt og aðrir skólar í borginni. Óhagstæð ytri skilyrði, óhagstæðar bekkjarstærðir í nokkrum árgöngum en hagrætt eins og þarf til að mæta nemendum

Forföll hafa verið mikil í vetur en reynt að leysa allt sem þarf, mest bitnað á unglíngastiginu þar sem kennsla þar er felld niður á meðan allt er leyst í 1.-7. bekk. Erum með þrjár auglýsingar í gangi núna fyrir þetta skólaár en lítið um umsóknir

Símalausar kennslustofur. Var rætt á síðasta fundi, þegar nemendaráð var með á fundi. Verður kynnt á næstunni, póstur sendur heim og kynnt í lífsleikni. Byrjar sem tilraun í einhverjar vikur og svo metið hvort verður varanlegt

Tóta segir frá að Fjörgyn og nemendaráð séu að vinna í leikjabók sem hægt verði að dreifa til kennara til að nýta í hópefli

Þemadagar 15. og 16. mars, þema í 5.-10. bekk er Hawaii, þema á yngsta stigi barnabækur

Árshátíð unglíngastígs 16. mars, að kvöldi

7. bekkur að Reykjum 27.-31. mars

Lokahátíð upplestrarkeppninnar í Grafarvogskirkju mánudaginn 20. mars

Opið hús í Foldaskóla síðdegis 11. maí

Friðþór segir Foldaver ætla að fara út og tína rusl í kringum skólann og vonandi að fleiri taki þátt í framhaldinu. Var einu sinni hefð að hver bekkur færi út að tína rusl á skólaárinu. Rætt um útfærslur til að hvetja/virkja nemendur, t.d. að ná upp í ákveðna þyngd af rusli og þá verði einhver umbun

Aðeins nefnt að í Skólapúlsinum hafi komið fram að börn í þessu hverfi sofi of lítið og séu undir meðallagi þegar kemur að hreyfingu. Einnig kemur fram að einelti virðist vera að aukast, samfélagsmiðlarnir eru að hafa áhrif þar.

Fundi slitið kl. 9:10